



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**588. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 28. október 2024
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi er tillaga að fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2025 auk gjaldskrár fyrir komandi ár, sem hafa verið samþykktar af hálfu Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sbr. fyrirliggjandi fundargerð nefndarinnar dags. 16. október 2024.

Gestir

Þorvaldur Daníelsson formaður Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar

Andrés Bögebjerg Andreassen fjármálastjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar

Niðurstaða:

Eigendavettvangur skíðasvæðanna staðfestir fjárhags- og fjárfestingaætlun skíðasvæðanna fyrir sitt leyti og er henni vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

2. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2025 - 2408006

Nú standa yfir viðræður við ríkið um fyrirkomulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samkomulagi sem gert var samhliða uppfærslu Samgöngusáttmálans. Það hefur haft áhrif á vinnu við áætlanagerð Strætó bs. vegna ársins 2025 og næstu fimm ára. Framkvæmdastjóri strætó bs. kynnir bráðabirgðafjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Gestir

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að miðað verði við framlagða bráðabirgðaaáætlun meðan viðræður við ríkið standa yfir. Verði hún því send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu af hálfu Strætó bs.

Birgi Birni Sigurjónssyni ráðgjafa og fulltrúa SSH í stýrihópi vegna viðræðnanna er falið að vera tengiliður og koma að áætlanagerðinni milli Strætó bs. og stýrihópsins vegna næstu fimm ára.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.